

Grunnþættir menntunar - námskrá deildar

Á Jötunheimi flettast grunnþættir menntunar inn í allt okkar starf.

Læsi, við vinnum með hljóð, takt og rím, tölur og talnagildi, hlustun og eftirtekt og margt fleira meðal annars til að undirbúa frekara lestrar-,skriftar og reikningsnám. Við erum með vinnustundir og hópastarf þar sem börnin eru að æfa sig með bókstafi, tölur og hugtök og þar inni er einnig hugað að lesáttinni. Einnig er þessi vinna unnin í öllum athöfnum dagsins.

Sjálfbærni, við kennum börnum að þekkja umhverfi sitt og læri að ganga um það af virðingu og bera virðingu fyrir umhverfinu m.a. fara vel með allan gróður og líf í garðinum, mikið lagt upp úr því að vinna með endurnýtanlegan efnivið í skapandi starfi. Börnin skammta sér sjálf í matartímum þar sem þau fá þjálfun í að skammta sér sjálf hæfilega á diskana.

Heilbrigði og vegferð, við gætum að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan barnanna með því að ýta undir jákvæða sjálfsmynd með því að tjá sig. Ávextir í afmælum, hreyfing í útiveru og hópleikjum. Lagt upp úr hollri og góðri næringu.

Lýðræði og mannréttindi, við vinnum með barnasáttmálann kynnum þau réttindi sem þau eiga. Börnin kjósa um það sem ágreiningur er um t.d. hvert á að fara í gönguferð eða hvaða bók á að lesa og læra að sætta sig við að meirihlutinn ræður. Þau læra að þau geta haft áhrif á ýmislegt sem gerist í leikskólanum ef þau tjá sig um það. Við aðstoðum að leysa úr ágreiningi með því að tala saman.

Jafnrétti, Við vinnum með jafnrétti sem er að skapa tækifæri fyrir alla. Á deildinni eru börn af mismunandi þjóðernum og mismunandi þarfir við sköpum tækifæri fyrir öll börn til að þroskast og skapa á eigin forsendum. Kennarar eru meðvitaðir um að öll smáatriði skipta máli þegar kemur að jafnrétti. Það skiptir máli hvernig við tölum og bregðumst við því sem börnin eru að ræða.

Sköpun, við veitum börnunum tækifæra til að vinna að sköpun með ýmiskonar opnum og efnivið.

Uppfært 13.05.22